

67 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um**
16. júní flutning þingstaðar Tálknafjarðarhrepps. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
 maður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., meðmælum hlutadeigandi sýslu-
 manns, og beiðni hreppsnefndarinnar í Tálknafjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu,
 vil jeg hjer með samþykkja, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Kvíg-
 indisdal að Sveinseyri, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til
 verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

68 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán til jarðabóta handa**
25. júní Hvammsprestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Hvammi í Laxárdal í Skaga-
 fjarðarprófastsdæmi og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup,
 í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til
 þess að nefndur prestur veðsetji hreppsfjelagi Skeflsstaðahrepps nokkurn hluta
 af tekjum prestakallsins fyrir 600 króna láni til endurbóta á túni og engjum
 prestssetursins, af lánsþje því, sem hreppurinn hefir fengið úr landssjóði til jarða-
 bóta samkvæmt 21. gr. nügildandi fjárlaga; er þetta leyfi mitt því skilyrði bund-
 ið, að lánið standi afborgunarlaust fyrstu 5 árin en endurborgist síðan af tekj-
 um prestakallsins á 15 árum samfleytt með jöfnum atborgunum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-
 ar leiðbeiningar og frekari birtingar.

69 **Staðfesting konungs á »skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lektor**
1. apríl theol. Sigurðar Melsteðs», gefin út á venjulegan hátt af ráðgjafanum fyrir Ísland,
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð lektor theol. Sigurðar Melsteðs.

1.

Sjóðurinn er myndaður af fé, sem nokkrir andlegrar stjettar menn hér á
 landi skutu saman við burtför lektor theol. Sigurðar Melsteðs frá prestaskólan-
 um í Reykjavík árið 1885, í þeim tilgangi, að af því skyldi myndaður sjóður, er
 bæri nafn hans, en að honum væri að öðru leyti í sjáltsvald sett, hvernig sjóðn-
 um skyldi varið og fyrir komið. Var þetta síðan ávaxtað og lagt í útborg-
 unardeild Söfnunarsjóðsins 1. apríl 1895; var sjóðurinn þá kr. 370,83. Um leið
 og lektor Sigurður Melsteð með brjefi 23. marz 1895 afhenti sjóðinn meðundir-
 skrifudum landshöfðingja, fól hann okkur undirskrifudum að semja skipulagsskrá
 fyrir sjóðinn samkvæmt þeim undirstöðuatriðum, sem hann hafði skrásett.

2.

Biskup landsins ásamt landshöfðingja eða æðsta valdsmanni, sem búsett-